

Miðvikudaginn 19. mars 1997.

Nr. 118/1997. **Hf. Eimskipafélag Íslands**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

**Friðgeiri Björnssyni,
dómstjóra í Reykjavík**

Kærumál. Kæruheimild. Sjópróf. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til f-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. febrúar sl., þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um sjópróf vegna slyss, er Sigurður Hrólfsen, skipverji og starfsmaður félagsins, varð fyrir í Argentia á Nýfundnalandi 9. febrúar 1997 við affermingu flutningaskipsins Altona, sem sóknaraðili hafði til ráðstöfunar samkvæmt tímabundnum farmsamningi. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og umbeðið sjópróf fari fram. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Lagaheimild fyrir málskoti hins kærða úrskurðar er hvorki að finna í þeim ákvæðum, sem sóknaraðili vísar til, né annars staðar í lögum. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. febrúar 1997.

Með bréfi, dags. 24. þessa mánaðar, hefur Hf. Eimskipafélag Íslands farið þess á leit, að háð verði sjópróf vegna slyss, er Sigurður Hrólfsen skipverji varð fyrir við losun á mv. Altona í Argentia á Nýfundnalandi.

Sjóprófsbeiðandi lýsir atvikum svo, að gámagripla hafi slegist í skipverjann með þeim afleiðingum, að hann hafi hlotið beinbrot á hægri lærlegg og mjaðmabeini og misst tvo fingur hægri handar.

Samkvæmt fram lögðum gögnum hefur sjóprófsbeiðandi skip þetta á leigu, en það er eign félags, sem skráð er í Hamborg í Þýskalandi, en skráð í skipaskrá Antigua.

Samkvæmt 1. tl. 219. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er skylt að halda sjópróf vegna atviks þess, sem hér hefur verið lýst. Gildissvið ákvæðis þessa takmarkast hins vegar af almennu gildissviði siglingalaga, svo sem það er afmarkað í 1. gr. þeirra. Samkvæmt því gilda öll ákvæði laganna um skip skráð á Íslandi, en almennt ekki um erlend skip. Undantekning sú, er fram kemur í 1. gr., á ekki við um skyldu til að halda sjópróf. Er því hvorki skylt né heimilt að halda sjópróf það, sem beiðst er. Styrkist þessi skýringarkostur af samanburði við 2. mgr. 220. gr. siglingalaga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeið þ sjópróf verður eigi háð.
